

70

30 ágúst

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggja við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

31. gr.

32. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 11. des. 1920 og viðauki frá 7. júní 1924, breytingar frá 19. júní og 17. september 1924, er hjermeð úr gildi numið.

34. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. september 1926 og skal endurskoðast að minsta kosti á þriggja ára fresti.

Reglugjörð þessi birtist hjermeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

71

1. sept.

REGLUR

um

flokun og merking á ull til útflutnings.

1. gr.

Ull, sem hæf er til útflutnings, flokkast þannig:

I. flokkur. Öll hvít vorull, sem er þelgód, illhærulítill, greið, laus við fætlinga, vel þvegin og vel þur. Ull með gulleitu togi sje eigi útlokuð, ef þelið er vel hvítt og hún að öðru leyti fullnægir ofansögðu.

II. flokkur. Öll önnur hvít vorull, vel þvegin og vel þur, að undanskildum þó blökkum og mjög hörðum flökum.

II. b. flokkur. Hvít haustull vel þvegin og vel þur.

71

III. flokkur. Öll svört og að öðru leyti dökkleit vorull, sem um allt nema lit fullnægir sömu skilyrðum og I. fl. vorull. 1. sept

IV. flokkur. Öll mislit ull og úrgangur úr vorull, sem ekki fullnægir skilyrðum I. til III. flokks, en er vel þur.

V. flokkur. Öll hvít haustull óþvegin en laus við skarnsnepla, blóðskorpur og skinnsnepla.

VI. flokkur. Öll mislit haustull, sem að öðru en lit fullnægir sömu skilyrðum og V. flokkur.

2. gr.

Sú ull, sem eigi er vel þur, er ekki hæf til útflutnings; eigi heldur ull, sem eigi fullnægir skilyrðum neins af framangreindum flokkum, eða ull, sem talin verður svikin verslunarvara. Er það á ábyrgð lögskipaðra ullarmatsmanna, að þeir merki enga slíka ull til útflutnings.

3. gr.

Merkja skal ullarsekk þannig: Efst á hliðinni sje stimplað orðið ICELAND. Í línu neðar sje rómversk tala, er sýni, hverjum flokki ullin tilheyri. Í línu þar fyrir neðan sje skammstafað, þó ekki með færri en tveim bókstöfum, nafn ullarseljanda. Í neðstu línu skal vera áframhaldandi töluröð, svo að sjáist sekkjatala sú, sem hver einstök verslun eða kaupfjelag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar koma í staðinn fyrir reglur 30. apríl 1923.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

FISKIVEIÐASAMÞYKT

fyrir

fjóra nyrðstu hreppa í Strandasýslu.

72

2. sept.

1. gr.

Slægja má fisk á höfnum inni og meðfram landi á 100 faðma bili frá stórstraumsfjörumáli, en að öðru leyti með öllu bannað að slægja fisk og bera